

## UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

### 11. LANDBÚNAÐUR OG DREIFBÝLISPRÓUN

#### A. Beingreiðslur, eftirlitskerfi, fjarlæg svæði, grísku eyjarnar og reglur um ríkisaðstoð

##### Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um landbúnaðarmál hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga er varðar landbúnaðarlöggjöf ESB um beingreiðslur, eftirlitskerfi, fjarlæg svæði, grísku eyjarnar og reglur um ríkisaðstoð.

Í greinargerðinni er fjallað um löggjöf ESB sem varðar beingreiðslur til bænda úr fyrri stoð sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar (CAP), skilyrði fyrir greiðslu þeirra og eftirlit með því að bændur uppfylli þau skilyrði. Ennfremur er gerð grein fyrir sérstöku fyrirkomulagi sem fjarlæg svæði (e. outermost regions) og grísku eyjarnar njóta innan kerfisins. Að lokum er gerð grein fyrir reglum sambandsins um ríkisaðstoð til viðbótar stuðningi úr sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

Grundvallarmunurinn á kerfi ESB og íslenska landbúnaðarkerfinu liggur í því að ESB hefur að mestu aftengt stuðningsgreiðslur frá búvöruframleiðslu, en hér eru flestir landbúnaðarstyrkir framleiðslutengdir, beint eða óbeint. Innan ESB er stuðningur að mestu greiddur út á land – þar sem akuryrkja gegnir mikilvægu hlutverki, enda þótt gripagreiðslur tíðkist ennþá í sauðfjárbúskap og nautgriparækt til kjötframleiðslu. Vegna aðstæðna á Íslandi er hins vegar kvikfjárrækt algengust og akuryrkja mun veigaminni. Framkvæmd og eftirlit er þá gjörólíkt.

Verði af aðild, þýðir það algerlega nýtt starfsumhverfi og lagaumgjörð fyrir landbúnað á Íslandi. Endurskoða þyrfti öll lög sem varða framkvæmd landbúnaðarkerfisins og gera grundvallarbreytingar á stjórnsýslu landbúnaðarmála. Ákveða þarf fyrirkomulag og skiptingu beingreiðsluréttar innan nýs kerfis og koma á fót samþættu stjórnsýslu- og eftirlitskerfi.

Samningahópurinn leggur til að á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB verði gefið skýrt til kynna að eftirfarandi atriði þurfi að ræða frekar:

- Stuðningsfyrirkomulag, sérstaklega beingreiðslna, vegna sérstöðu Íslands og skertrar samkeppnisstöðu og fjárhæðir sem renna til aðildarríkja úr CAP, þ.m.t. viðmiðunartímabil og greiðslur út á land.
- Mikilvægi framleiðslutengds stuðnings og gripagreiðslna út á búfé
- Norðlæg lega landsins (norðan 62. breiddargráðu) og náttúrulega sérstöðu, s.s. veðurfar, viðkvæman jarðveg, fábreyttan gróður, stuttan vaxtartíma og hversu ræktunarmöguleikar eru takmarkaðir, gamla norræna búfjárstofna sem ber að varðveita, afskekktu legu landsins, lítinn heimamarkað, dreifbýli, mikinn flutningskostnað o.s.frv.
- Ákvæði sem tengjast fjarlægum svæðum (e. outermost regions) og eyjum.
- Búvörusamningar sem gilda 2013-2015.
- Viðbótarheimildir til að styrkja íslenskan landbúnað úr ríkissjóði, umfram CAP stuðning, komi í ljós að stuðningur úr CAP verði ekki nægjanlegur til að mæta þörfum íslensks landbúnaðar.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

## Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða

### 11. Landbúnaður

#### A. Beingreiðslur, eftirlitskerfi, fjarlæg svæði, grísku eyjarnar og reglur um ríkisaðstoð

##### Samantekt

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir löggjöf ESB sem varðar beingreiðslur til bænda úr fyrri stoð sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, skilyrði fyrir greiðslu þeirra og eftirlit með því að bændur uppfylli þau skilyrði. Ennfremur er gerð grein fyrir sérstöku fyrirkomulagi sem fjarlæg svæði sambandsins og grísku eyjarnar njóta innan kerfisins. Að lokum er gerð grein fyrir reglum sambandsins um ríkisaðstoð til viðbótar stuðningi úr sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Í þessum hluta landbúnaðarkafans er að finna 93 gerðir. Einungis 18 gerðir teljast mikilvægar varðandi samningaviðræðurnar, afgangurinn eru smærri gerðir sem varða einstök aðildarríki, eru takmarkaðar í tíma eða eiga við fyrri skipulagstímabil landbúnaðarstefnunnar.

Grundvallarmunurinn á kerfi ESB og íslenska landbúnaðarkerfinu liggur í því að ESB hefur að mestu aftengt stuðningsgreiðslur frá búvöruframleiðslu, en hér eru flestir landbúnaðarstyrkir framleiðslutengdir, beint eða óbeint. Innan ESB er stuðningur að mestu greiddur út á land – þar sem akuryrkja gegnir mikilvægu hlutverki, enda þótt gripagreiðslur tíðkist ennþá í sauðfjárbúskap og nautgriparækt til kjötframleiðslu. Á Íslandi er hins vegar kvikfjárrækt algengust og akuryrkja önnur en til fóðuröflunar veigaminni. Framkvæmd og eftirlit er þá gjörólíkt.

Verði af aðild, þýðir það algerlega nýtt starfsumhverfi og lagaumgjörð fyrir landbúnað á Íslandi. Endurskoða þyrfti öll lög sem varða framkvæmd landbúnaðarkerfisins og gera grundvallarbreytingar á stjórnsýslu landbúnaðarmála. Ákveða þarf fyrirkomulag og skiptingu beingreiðsluréttar innan nýs kerfis og koma á fót samþættu stjórnsýslu og eftirlitskerfi.

Gríðarlegir hagsmunir felast í því hvernig tekst að semja um stuðningsfyrirkomulag og fjárhæðir fyrir landbúnaðinn. Önnur atriði, sem skipta miklu máli og leggja verður áherslu á eru:

- Heildarfjárhæð sem ESB greiðir Íslandi í eingreiðslukerfi, búfjárstyrki og styrki skv. stoð II. Í þessu sambandi þarf að skoða sérstaklega viðmiðunartímabil, landskilgreiningar o.fl.
- Heimildir Íslands til viðbótarstyrkgreiðslna úr ríkissjóði.
- Ísland verði allt skilgreint sem harðbýlissvæði (less favoured area).
- Ísland er allt norðan 62. breiddargráðu.
- Áhersla verði lögð á náttúrulega sérstöðu, s.s. veðurfar, viðkvæman jarðveg, fábreyttan gróður, stuttan vaxtartíma og hversu ræktunarmöguleikar eru takmarkaðir, gamla norræna búfjárstofna, sem ber að varðveita, afskekktu legu landsins og lítinn heimamarkað o.s.frv.
- Nauðsynlegt er að semja um aðlögunarfresti vegna framkvæmdar mismunandi þátta kerfisins, m.a. með hliðsjón af búvörusamningum.
- Skoða þarf fyrirkomulag og umfang gripagreiðslna.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

*Efni kafla***A. Beingreiðslur**

Sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP) er skipti í tvær stoðir. Fyrsta stoðin fjallar um búvöruframleiðslu, einkum beingreiðslur til bænda, inngrip á markaði og markaðsstýring, en önnur stoðin um dreifbýlisþróunarmál. Stuðningur úr 1. stoð er alfarið greiddur úr landbúnaðarsjóði ESB og er hverju aðildarríki úthlutað fjárhagsramma fyrir stuðning (e. national envelope). Í reglugerð nr. 73/2009 eru settar almennar reglur um framkvæmd beingreiðslna til bænda á grundvelli CAP. Aðildarríkjunum er síðan gert að framkvæma beingreiðslukerfið á grundvelli þeirra reglna og tengdra reglugerða. Beingreiðslur teljast greiðslur beint til bónda. Þær þjóna fjölpættum tilgangi innan CAP og byggja á fjölpættu hlutverki landbúnaðarins. Þessi markmið eru einkum að stuðla að landbúnaðarframleiðslu, styrkja byggð, styrkja afkomu bænda og að halda landi í góðu ásigkomulagi til landbúnaðarnota. Einnig er greiðslunum m.a. ætlað að auðvelda bændum að stunda búskap sinn í sátt við umhverfið, fylgja kröfum um búfjárhald og dýravelferð. Á síðari árum hefur stuðningur í æ meira mæli verið aftengdur framleiðslu. Það er bæði vegna þess að þörf var talin á að koma böndum á útgjöld sambandsins til landbúnaðarmála en ekki síður til að mæta væntanlegum skuldbindingum ESB á alþjóðavettvangi við lok Doha-viðræðnanna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Beingreiðslustuðningur skiptist í meginatriðum í þrennt. 1. Eingreiðslukerfið (stuðningur á land) 2. Sértekur stuðningur. 3. Önnur stuðningskerfi.

Til að hljóta fullar beingreiðslur þarf bóndinn að uppfylla samþætt greiðsluskilyrði (e. cross compliance). Þessi skilyrði varða heilbrigði manna, dýra og plantna, umhverfið og dýravelferð og byggja á viðmiðum í löggjöf ESB eða landsrétti hvers ríkis. Einnig þarf allt land að vera í góðu landbúnaðarhæfu ástandi (e. good agricultural condition). Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt skerðast greiðslurnar. Að lágmarki er greitt út á einn hektara lands og/eða að lágmarki 100 EUR. Greiðslur falla niður ef bóndi verður uppvís af því að reyna að fara í kringum reglurnar. Heimilt er að greiða stuðning á land, enda þótt skilyrði séu ekki uppfyllt að fullu, vegna náttúruhamfara eða í öðrum afbrigðilegum tilvikum.

Hvert aðildarríki hefur varasjóð. Í hann skal renna afgangur fjárhagsrammans þegar beingreiðslur hafa verið greiddar út. Aðildarríkin geta síðan nýtt þann sjóð til að styrka bændur á svæðum þar sem sérstakar aðstæður eru eða auðveldað nýliðun að öðlast beingreiðslurétt.

1. Eingreiðslukerfið. Meginhluti beingreiðslna innan CAP eru greiddar út sem stuðningur á land innan svonefnds eingreiðslukerfis (e. single payment schemes). Hver bóndi á beingreiðslurétt fyrir tiltekin fjölda hektara lands (landlausir bændur sem bjuggu með búfé og nutu styrkja gátu fengið sérstakan stuðningsrétt). Við yfirfærslu framleiðslutengds stuðnings í eingreiðslukerfið var í upphafi yfirleitt byggt á því hvað bóndinn hafði áður fengið í stuðning (sögulegt viðmið). Stuðningnum mátti síðan dreifa á landbúnaðarland bóndans. Gátu því bændur verið með mismikinn stuðning að baki hverjum hektara. Einhver ríki úthlutuðu í upphafi sömu upphæð á hvern hektara og miðuðu því ekki við söguleg viðmið. Þar sem slík

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

söguleg viðmið voru talin tapa lögmæti sínu til lengri tíma hafa mörg ríki umbreytt kerfi sínu á þann hátt að sama upphæð sé greidd á hektara innan tiltekina svæða (svæðisbundið viðmið) eftir skilyrðum, eða að beitt sé blöndu af viðmiðunum. Er þannig jafnaður réttur bænda í þágu jafnræðissjónarmiða. Bændum er einnig heimilt að kaupa beingreiðslurétt, eða afla með öðrum lögmætum hætti.

Árlega sækir bóndinn um að fá greiddan þann stuðning sem hann á rétt á. Bóndinn getur síðan í meginatriðum ákveðið hvort og þá hvað hann framleiðir en hann er ávallt skyldugur að halda því landi sem hann fær styrk útá í góðu ásigkomulagi til landbúnaðarnota hvort sem hann nýtir það eða ekki.

Viðskipti með beingreiðslurétt út á land eru heimil innan aðildarríkis. Heimilt er að setja ákvæði um að viðskipti með beingreiðslurétt séu einungis heimil innan svæða innanlands. Hægt er að selja réttinn með eða án lands, en aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um brottfall hluta hans fari salan fram án lands. Ef réttur er leigður verður samsvarandi hektarafjöldi lands einnig að vera leigður.

2. Sértækur stuðningur: Utan SPS-eingreiðslukerfisins er aðildarríkjunum heimilt á skilgreindum forsendum að verja hluta fjárhagsramma síns innan CAP til sértæks stuðnings (e. specific support). Helstu dæmi um forsendur er stuðningur við búskap sem er mikilvægur til viðhalds eða bóta á umhverfinu, til að bæta afurðagæði, bæta markaðssetningu búvara, bæta aðbúnað búfjár, stuðningur við sérstaka búhætti sem fela í sér ávinning fyrir umhverfið og vegna vegna erfiðra aðstæðna hjá framleiðendum mjólkur, nauta-, kálfa-, kinda- og geitakjöts og hrísgrjóna. Nokkur skilyrði eru fyrir þessum stuðningi, svo sem að hann megi einungis mæta kostnaði bænda vegna umræddra forsendna, og má hann í heild að hámarki nema 10% af heildarstuðningi CAP í hverju ríki, og 3,5% hámark er sett á vissa liði, þó með undantekningum. Aðildarríkjunum er heimilt að flytja fjárheimildir vegna hins sérstaka stuðnings úr beingreiðslukerfinu yfir í EAFRD (Evrópska landbúnaðarsjóðinn til dreifbýlisþróunar) (e. voluntary modulation) enda að mörgu leiti um eðlislíkan stuðning að ræða og þann sem veittur er af ríkinu innan stuðningskerfisins fyrir dreifbýlisþróun.

Aðildarríkjunum er heimilt er að bæta tjón af völdum veðurfars, plöntu- eða dýrasjúkdóma, sem veldur a.m.k. 30% uppskeru-/afurðatjóni. Bætur verði að hámarki 65% af fullri tryggingarfjárhæð. Þá er í fjallað um stuðning í gegnum gagnkvæma tryggingasjóði og hvernig þeir megi starfa.

3. Önnur stuðningskerfi. Þar sem aðildarríkin höfðu áður veitt framleiðslutengdan stuðning til tiltekinnna búgreina er þeim heimilt að veita framleiðslutengdan stuðning áfram. Í mörgum tilvikum er um að ræða stuðning sem ætlunin er að afleggja í skrefum fyrir 2011. Í nokkrum tilvikum er stuðningurinn ekki tímabundinn, þó hann kunnir að koma til endurskoðunar við lok núverandi stuðningstímabils árið 2013. Svo á við í gripagreiðslum í sauðfjár-, geita og nautgriparrækt, en aðrar búgreinar sem njóta stuðnings koma hér ekki til álita svo gagns sé af fyrir Ísland. Ákveði ríkin að viðhalda slíkum stuðningi er reiknað þak á stuðning til hvernar greinar eins og nánar verður greint frá hér á eftir.

Með þessum hætti er aðildarríkjunum heimilt að verja tilteknum hluta fjárhagsramma síns til gripagreiðslna í sauðfjarrækt og geitarækt (framleiðslutengdur stuðningur). Bændur þurfa að sækja um stuðninginn árlega. Skilyrði geitagreiðslanna er að búskapurinn sé stundaður líkt

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

og fjárbúskapur og fyrst og fremst miðaður við kjötframleiðslu. Um er að ræða árlegar greiðslur á hverja á eða geit sem hefur borið a.m.k. einu sinni eða er a.m.k. árgömul. Lágmarksfjöldi, sem skapar greiðslurétt, skal vera á bilinu 10-50 ær/geitur. Styrkur pr. á er 21 EUR (kr. 3.150<sup>1</sup>), en þó ekki nema 16,8 EUR, ef um mjólkurframleiðslu er að ræða. Greiða skal sauðfjár- og geitabændum viðbótargreiðslur á svæðum sem falla undir skilgreiningu harðbýlis (LFA) og þar sem þessar búgreinar eru hefðbundnar. Frekara skilyrði er að á viðkomandi bújörð sé a.m.k. 50% lands undir landbúnaði. Viðbótarupphæðin er 7 EUR á/geit. Heildarfjárhæðir eru ákveðnar fyrir einstök ríki og réttur hvers bónda miðast við fjárfjölda á tilgreindu tímabili. Stuðningur samkvæmt þessari grein má ekki nema meiru en 50% af fjárhagsramma aðildarríkis til greiðslu beingreiðslna.

Greiðsluréttur getur fylgt með við sölu á bújörð. Einnig getur bóndi selt greiðslurétt sinn öðrum án þess að land fylgi með, en í þeim tilvikum skal rétturinn skertur um allt að 15% án bóta og lagður inn í varasjóð aðildarríkisins (e. national reserve).

Einnig eru aðildarríkjum heimilt að verja hluta fjárheimilda sinna innan CAP til gripagreiðslna til stuðnings nauta- og kálfakjötsframleiðslu. Um er að ræða:

- |    |  |   |
|----|--|---|
| a) | Greiðslur út á naut                            | - 210 EUR (kr. 31.500 <sup>2</sup> )    |
|    | - “ - uxa                                      | - 150 EUR                               |
| b) | Greiðslur út á holdakýr                        | - 200 EUR/ár (kr. 30.000 <sup>3</sup> ) |
| c) | Greiðslur út á sláturgripi:                    |   |
|    | - naut, uxa, kýr og kvígur yfir 8 mán          | - 80 EUR                                |
|    | - kálfar milli 1 og 8 mán, fallþ. undir 185 kg | - 50 EUR                                |

Greiðslur skv. a-lið eru greiddar einu sinni fyrir hvert naut en tvisvar fyrir hvern uxa, þ.e. við 9 mánaða aldur og aftur ef gripurinn nær 21 mán. aldri. Greiðslur út á holdakýr (b) greiðast árlega. Heimilt er, að uppfylltum vissum skilyrðum að greiða til viðbótar 50 EUR á kú. Hámark er sett á greiðslurétt hvers bónda. Sömu reglur gilda um framsalsmöguleika á holdakúagreiðslum og fyrir sauðfjár- og geitastyrki og sama gildir um varasjóð í hverju aðildarríki.

Það gildir um allar ofangreindar nautgripagreiðslur, að hvert ríki hefur hámarksheimildir, sem tilgreindar eru í reglugerðinni. Mörg ríki hafa kosið að nota ekki þessar heimildir (sama gildir um sauðfjár- og geitastyrki), en halda öllum greiðsluheimildum innan eingreiðslukerfisins (greiðslur á land). Greiðslur út á naut og sláturgripi verða aflagðar árið 2012 en engin áform eru um að leggja af greiðslur á holdakýr.

---

Framkvæmd beingreiðslna í nýju aðildarríkjunum er með öðrum hætti. Sérstök ákvæði eru um aðlögun greiðslna. Síðan tekur almennt sérstakt landgreiðslukerfi við. Bændur verða í áföngum á árunum 2009-2013 að virða allar kröfur varðandi samþætt greiðsluskilyrði (e. cross compliance). Nýju ríkin fá heimild til að leggja til hliðar allt að 10% af fjárheimildum CAP til að styðja sérstaklega verkefni sambærilegt við sérstakan stuðning (e. specific support) hjá eldri aðildarríkjunum og varða umhverfismál, dýravernd, markaðsmál, búháttabreytingar,

<sup>1</sup> Miðað við skiptigengi 1 EUR / 150 ISK.

<sup>2</sup> Miðað við skiptigengi 1 EUR / 150 ISK.

<sup>3</sup> Miðað við skiptigengi 1 EUR / 150 ISK.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

tryggingar o.fl. Nýju aðildarríkin fá ennfremur heimild til að greiða aukastyrki úr eigin sjóðum að vissu marki að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar ESB, en sú heimild er takmörkuð í umfangi og tíma. Sérstök og rýmri ákvæði eru um Kýpur en þessi ákvæði eru ætluð til aðlögunar.

Hið almenna beingreiðslukerfi hvað varðar eingreiðslur og önnur stuðningsform á ekki við um frönsku sjálfstjórnarsvæðin, Azoreyjar, Madeira eða Kanaríeyjar.

## B. Stjórnsýslu- og eftirlitskerfið

Hvert aðildarríki skal starfrækja greiðslustofnun (*paying agency*), sem nánar er gerð grein fyrir í greinargerð B. Stofnunin sér um hina eiginlegu framkvæmd CAP innanlands, framkvæmd stuðningskerfis, eftirlit og inngrip á markaði skv. reglum ESB. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 73/2009 og vegna framkvæmdar beingreiðslukerfis CAP þarf greiðslustofnunin að ráða yfir samhæfðu stjórnsýslu og eftirlitskerfi (e. Integrated Administration and Control System, IACS).

Kerfið skal samanstanda af tölvuvæddum gagnagrunni, auðkenningakerfi fyrir landspildur (landupplýsingakerfi), kerfi fyrir auðkenningu og skráningu greiðsluréttinda, umsóknum um aðstoð, samþætt stjórnkerfi og kerfi til að skrá auðkenni hvers bónda sem leggur fram umsókn um aðstoð. Auk þess skal kerfið innihalda upplýsingar um einstaklingsmerkingu búfjár þegar eingreiðslur í formi gripagreiðslna eru veittar. Í tölvuvæddum gagnagrunni skulu vera allar upplýsingar um bújarðir sem koma fram í umsókn. Gögn þurfa ávallt að vera aðgengileg. Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til kerfisins í reglugerð nr. 1122/2009.

Í reglugerð nr. 1122/2009 eru sett nánari ákvæði um umsóknir um styrki og eftirlit. Meginreglan er sú að bóndinn geti lagt fram eina umsókn um allan stuðning sem hann nýtur úr 1. stoð sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.

Eftirlit skiptist í stjórnsýslueftirlit, sem m.a. felst í því að sannreyna upplýsingar sem fram koma í umsóknum með því að bera þær saman við gagnagrunna og eftirliti í formi vettvangsskoðana. Meginreglan er að vettvangsskoðanir skuli ná til 5% bænda og jafnframt 5% búfjár sem stuðningur er greiddur út á. Þó eru frávik frá þessu varðandi einstaka stuðningsflokka, og t.d. skulu allir gagnkvæmir tryggingasjóðir sæta árlegri vettvangsskoðun. Þá eru ákvæði um aukna tíðni eftirlits, ef verulegir breistir koma fram við vettvangsskoðun. Því er lýst hvernig viðmiðunarúrtak er valið vegna vettvangsskoðana, og byggist það á blandaðri aðferð með áhættugreiningu og slembiúrtaki.

Reglugerðin lýsir því hvað og hvernig skuli sannreyna í vettvangsskoðunum, eftir því hvaða búskapur/ræktun á sér stað. Lýst er leyfilegum vikmörkum varðandi landstærðir, sannreyna skal búfjárfjölda, þar sem slíkir styrkir eru greiddir, ennfremur merkingar, skýrsluhald o.fl. og skoða skal 20-30% af sláturhúsum sem taka við gripum sem greitt hefur verið út á sérstakt „nautgripaframlag“ (special beef premium).

Sérstakur kafli er um eftirlit með samþættum greiðsluskilyrðum (e. cross compliance). Eftirlitið geta annast hvort sem er þær fageftirlitsstofnanir sem til staðar eru eða greiðslustofnunin sjálf. Vettvangsskoðanir skulu ná til a.m.k. 1% umsækjenda á ári og skal úrtakið valið á grundvelli áhættugreiningar úr fyrrgreinda 5% úrtakinu.

## C. Fjarlæg svæði og eyjar

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

I. Sérreglur gilda um stuðning við landbúnað við svokallaða fjarlæg svæði sambandsins (e. outermost regions) á frönsku svæðunum, Guadeloupe, Guyana, Martinique og Réunion og einnig Kanaríeyjum, Asoreyjum og Madeira, en um það er fjallað í reglugerð nr. 247/2006. Reglugerðin byggir á 349. gr. Rómarsáttmálans. Markmiðið er að stuðla að þróun á þessum eyjum, sem allar eiga erfitt uppdráttar vegna staðbundinna annmarka. Áhersla er lögð á fjarlægð frá mörkuðum, einangrun (tvöfalda einangrun, þ.e. einangrað svæði á einangraðri eyju), slök landgæði, loftslag og að efnahagurinn byggji á framleiðslu á fáum vörutegundum og sérstökum samfélagslegum og efnahagslegum ástæðum. Form stuðningsins er margvíslegt.

1. Sérstakar aðgerðir til að tryggja nægt framboð af mætvælum: Tilteknar landbúnaðarvörur eru taldar ómissandi til mannelis og aðrar ómissandi til ræktunar (listaðar í I. viðauka við Rómarsáttmálann). Sé ónógt framboð á þessum vörum á markaði á eyjunum þá má falla frá ytri tollheimtu ESB. Sérstakar reglur gilda um hvernig tryggja megi að aðföng í landbúnaði verði á viðráðanlegu verði.

2. Aðgerðir CAP til að ýta undir framleiðslu landbúnaðarafurða á eyjunum: Svæðin gera sjálf tillögur um sérstakar aðgerðir til að viðhalda framleiðslu. Í tillögunni þarf m.a. að koma fram útfærsla fyrirhugaðs stuðnings, ástæða hans og fyrirsjáanlegar afleiðingar ásamt rökstuðningi.

3. Önnur ákvæði: Heimilt að er að samþykkja sérstök auðkenni vara frá svæðunum. Svæðin njóta undanþága frá vissum reglum um dreifbýlisþróunarsjóðinn (EAFRD) (m.a. lægra mótframlag aðildarríkja, 25% í stað 50%). Hámarksstyrkir vegna umhverfisverndar eru tvöfaldaðir með það að markmiði að vernda hefðbundinn landbúnað á svæðunum. Framkvæmdastjórnin getur heimilað aukna ríkisstyrki til landbúnaðar á svæðunum Veittar eru sérstakar undanþágur frá reglum um vínframleiðslu, mjólkurbúskap, lifandi dýr og tóbak.

Í reglugerðinni er ákvarðað þak á sérstakar greiðslur úr CAP til landbúnaðar á þessum svæðum sem leiða af aðgerðunum.

II. Innan ESB er einnig sérstakt fyrirkomulag fyrir smærri grísku eyjarnar í Eyjahafi. Mælt er fyrir um sérstakan stuðning í reglugerð ráðsins nr. 1405/2006. Markmiðið er að stuðla að þróun og viðhalda samkeppnishæfni landbúnaðar á þessum eyjum, sem allar eiga erfitt uppdráttar vegna erfiðra staðháttanna, smæðar og einangrunar. Annað markmið er að stuðla að því að neytendur á eyjunum búi við verðlag sem er sambærilegt meginlandi Grikklands. Sérstök áhersla er lögð á smæð eyjanna, þannig að reglurnar eiga ekki við um stærri eyjarnar á Eyjahafi. Grísk stjórnvöld gera tillögur um efnið.

Aðgerðir sem miða að því að tryggja framboð af vörum á sanngjörnu verði, sem ekki eru framleiddar á eyjunum: Fjárhæð stuðningsins er reiknaður út og tekur mið af auknum viðskiptakostnaði vegna smæðarinnar og flutningskostnaðar á vöru frá meginlandi Grikklands, þannig að bætt er fyrir fjarlægðina og smæðina.

Stuðningur við landbúnað á eyjunum: Heimildir eru til sérstakra greiðslna til landbúnaðar á eyjunum. Þær geta verið í formi beingreiðslna til bænda, stuðnings til rannsóknaverkefna eða viðbótarstuðning til dreifbýlisþróunarverkefna.

## **E. Reglur um ríkisaðstoð**

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Samkvæmt 107. gr. (áður 87. gr.) Rómarsáttmálans, með síðari breytingum, ef ekki er kveðið á um annað í sáttmálanum, er hvers konar aðstoð, sem aðildarríki ESB veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila, ósamrýmanleg framkvæmd innri markaðarins. Í grundvallaratriðum er því ríkisstuðningur bannaður innan Evrópusambandsins, enda þótt Rómarsáttmálinn mæli t.a.m. fyrir um stuðning til landbúnaðar, úr sjóðum sambandsins, og öðrum stuðningi sem ríkjum er heimilt að greiða samkvæmt heimild í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Er þar bæði átt við beingreiðslur til bænda og stuðning við dreifbýlispróunarverkefni.

Í 2. mgr. 107 gr. Rómarsáttmálans eru hins vegar nokkrar undantekningar frá framangreindum meginreglum um bann við ríkisstuðningi. Einnig getur framkvæmdastjórnin veitt heimild til ríkisstuðnings. Þess vegna verða aðildarríkin að tilkynna allar áætlanir um ríkisstuðning til framkvæmdastjórnarinnar áður en stuðningur er greiddur út í fyrsta skipti, sbr. 3. mgr. 107. gr. Rómarsáttmálans.

Ennfremur hefur framkvæmdastjórnin heimild til að setja reglugerðir sem undanþiggja frá tilkynningaskyldu þau form ríkisstuðnings sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt ákvæðum viðkomandi reglugerðar og sem teljast þar með undanþeginn banni Rómarsáttmálans við ríkisstuðningi. Framkvæmdastjórnin hefur sett reglugerðir þessa efnis sem varða landbúnað. Varða þær minni styrkverkefni vegna landbúnaðar, vinnslu landbúnaðarafurða eða stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki í vinnslu landbúnaðarvara. Séu skilyrði reglugerðanna uppfyllt telst stuðningurinn heimill. Framkvæmdastjórnin getur þó hafið rannsókn vegna slíkra styrkáætlaða til að kanna hvort þær uppfylli í raun undanþáguskilyrði. Í einstökum reglugerðum um framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar eru einnig ákvæði með undanþágum frá ríkisstyrkjaákvæðum Rómarsáttmálans, einkum þar sem aðildarríkjunum er heimilt að bæta við sameiginlegan stuðning.

- - -

Hér er ekki fjallað um hina svokölluðu finnsku, eða öllu réttara, norrænu lausn þar sem hún leiðir af aðildarsamningi Finna og Svía (og Noregs) sem er jafnsettur Rómarsáttmálanum. Vikið verður að ákvæðum í aðildarsamningi Finna og Svía undir liðnum „sérlausnir“ hér að neðan.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggiöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.



*Mikilvægustu gerðir*Beingreiðslur og IACS

- **Council Regulation (EC) No 73/2009 of 19 January 2009** establishing common rules for direct support schemes for farmers under the common agricultural policy and establishing certain support schemes for farmers, amending Regulations (EC) No 1290/2005, (EC) No 247/2006, (EC) No 378/2007 and repealing Regulation (EC) No 1782/2003.

*Reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 frá 10. janúar 2009 sem setur almennar reglur um beingreiðslur til bænda á grundvelli sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, og sem kemur á fót tilteknum beingreiðslum til bænda, mælir fyrir um breytingar reglugerð (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 247/2006, (EB) nr. 378/2009 og fellir úr gildi reglugerð (EB) nr. 1782/2003.*

- **Commission Regulation (EC) No 1121/2009 of 29 October 2009** laying down detailed rules for the application of Council Regulation (EC) No 73/2009 as regards the support schemes for farmers provided for in Titles IV and V thereof.

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1121/2009 frá 29. október 2009, sem mælir fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 73/2009 hvað varðar stuðning við bændur samkvæmt bálkum IV og V í reglugerðinni.*

- **Commission Regulation (EC) No 1120/2009 of 20 October 2009** laying down detailed rules for the implementation of the single payment scheme provided for in Title III of Council Regulation (EC) No 73/2009 establishing common rules for direct support schemes for farmers under the common agricultural policy and establishing certain support schemes for farmers

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1120/2009 frá 20. október 2009 sem mælir fyrir um nákvæmari reglur um framkvæmd eingreiðslukerfisins, sem kveðið er á um III. bálki reglugerðar ráðsins nr. 73/2009, sem setur almennar reglur um beingreiðslur til bænda á grundvelli sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, og sem kemur á fót tilteknum beingreiðslum til bænda*

- **Commission Regulation (EC) No 1122/2009 of 30 November 2009** laying down detailed rules for the implementation of Council Regulation (EC) No 73/2009 as regards cross-compliance, modulation and the integrated administration and control system, under the direct support schemes for farmers provided for that Regulation, as well as for the implementation of Council Regulation (EC) No 1234/2007 as regards cross-compliance under the support scheme provided for the wine sector.

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1122/2009 frá 30. nóvember 2009 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 um samtengd skilyrði, tilfærslur (modulation) og samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið innan beinu stuðningskerfanna fyrir bændur sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, sem og um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 að því er varðar samtengd skilyrði samkvæmt beina stuðningskerfinu fyrir víngeirann.*

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- **Commission Regulation (EC) No 889/2009 of 25 September 2009** amending Council Regulation (EC) No 73/2009 and establishing budgetary ceilings for 2009 for the partial or optional implementation of the Single Payment Scheme, provided for in Council Regulation (EC) No 1782/2003, the annual financial envelopes for the Single Area Payment Scheme and the budgetary ceilings applicable to transitional payments for fruit and vegetables and for specific support, provided for in Regulation (EC) No 73/2009

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 899/2009 frá 25. september 2009 sem breytir reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 og ákvarðar hámark greiðslna fyrir árið 2009 vegna valkvæðrar framkvæmdar eingreiðslukerfisins, eða framkvæmdar þess að hluta, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1782/2003, fé til ráðstöfunar fyrir hvert ríki vegna landeingreiðslukerfisins og hámark aðlögunarstuðnings vegna ávaxta og grænmetis og fyrir sértækan stuðning, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 73/2009.*

- **Council Regulation (EC) No 78/2008 of 21 January 2008** on the measures to be undertaken by the Commission in 2008-2013 making use of the remotesensing applications developed within the framework of the common agricultural policy

*Reglugerð ráðsins (EB) nr. 78/2008 frá 21. janúar 2008 um ráðstafanir sem ráðgert er að framkvæmdastjórnin geri á árinum 2008-2013 með nýtingu fjarkönnunartækni sem þróuð hefur verið innan vébanda sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.*

- **Council Regulation (EC) No 378/2007 of 27 March 2007** laying down rules for voluntary modulation of direct payments provided for in Regulation (EC) No 1782/2003 establishing common rules for direct support schemes under the common agricultural policy and establishing certain support schemes for farmers, and amending Regulation (EC) No 1290/2005.

*Reglugerð ráðsins (EB) nr. 378/2007 frá 27. mars 2007 sem mælir fyrir um reglur vegna valkvæðrar tilfærslu frá beingreiðslum, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1782/2007, sem setur almennar reglur um beingreiðslur til bænda á grundvelli sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, og sem kemur á fót tilteknum beingreiðslum til bænda og sem mælir fyrir um breytingar á reglugerð (EB) nr. 1290/2005.*

#### Stuðningur við fjarlæg svæði sambandsins og grísku eyjarnar

- **Council Regulation (EC) No 247/2006 of 30 January 2006** laying down specific measures for agriculture in the outermost regions of the Union

*Reglugerð ráðsins nr. 247/2006 frá 30. janúar 2006 þar sem mælt er fyrir um sérstakar reglur sem gilda um landbúnað á svæðum ESB sem eru fjarri meginmarkaði*

- **Council Regulation (EC) No 793/2006 of 12 April 2006** laying down certain detailed rules for applying Council Regulation (EC) 247/2006 laying down specific measures for agriculture in the outermost regions of the Union

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

*Reglugerð ráðsins nr. 793/2006, dags. 12. apríl 2006, um ítarlegar reglur fyrir framkvæmd reglugerðar ráðsins nr. 247/2006, þar sem mælt er fyrir um sérstakar reglur sem gilda um landbúnað á svæðum ESB sem eru fjarri meginmarkaði*

- **Council Regulation (EC) No 1911/1991 of 26 June 1991** on the application of the provisions of Community law to the Canary Islands

*Reglugerð ráðsins nr. 1911/1991, dags. 26. júní 1991, um framkvæmd ákvæða í ESB rétti sem fjalla um Kanaríeyjar*

- **Council Regulation (EC) No 511/2009 of 16 June 2009** derogating from Regulation (EC) No 793/2006 as regards the application in 2009 of Article 27 thereof in the French overseas departments of Guadeloupe and Martinique

*Reglugerð ráðsins nr. 511/2009, dags. 16. júní 2009, um undanþágu fyrir Guadeloupe og Martinique frá ákvæðum 27. gr. reglugerðar nr. 793/2006*

- **Council Regulation (EC) No 1405/2006 of 18 September 2006** laying down specific measures for agriculture in favour of the smaller Aegean island and amending Regulation (EC) No 1782/2003

*Reglugerð ráðsins nr. 1405/2006, dags. 18. september 2006, þar sem mælt er fyrir um sérstakar ívilnandi reglur fyrir smærri grísku eyjarnar í Eyjahafi*

- **Council Regulation (EC) No 1914/2006 of 20 December 2006** laying down detailed rules for applying Council Regulation (EC) 1405/2006 laying down specific measures in favour of the smaller Aegean islands

*Reglugerð ráðsins nr. 1914/2006, dags. 20. desember 2006, um ítarlegar reglur fyrir framkvæmd reglugerðar ráðsins nr. 1405/2006, þar sem mælt er fyrir um sérstakar ívilnandi reglur fyrir smærri grísku eyjarnar í Eyjahafi*

### Reglur um ríkisstuðning

- **Commission Regulation (EC) No 1857/2006 of 15 December 2006** on the application of Articles 107 and 108 (before 87 and 88) of the Treaty to State aid to small and medium-sized enterprises active in the production of agricultural products and amending Regulation (EC) No 70/2001.

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1857/2006 um beitingu 107. og 108. gr. (áður 87. gr. og 88. gr.) Rómarsáttmálans um ríkisaðstoð við minni og millistærðar fyrirtæki á sviði landbúnaðarframleiðslu og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001.*

- **Commission Regulation (EC) No 1535/2007 of 20 December 2007** on the application of Articles 107 and 108 (before 87 and 88) of the EC Treaty to *de minimis aid* in the sector of agricultural production

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1535/2007 frá 20. desember 2007 um beitingu á greinum 107 og 108 (áður 87 og 88) að því er varðar minniháttar styrkveitingar til landbúnaðarframleiðslu.*

- **Commission Regulation (EC) No 1998/2006 of 15 December 2006** on the application of Articles 107 and 108 (before 87 and 88) of the Treaty to *de minimis aid*

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu á greinum 107 og 108 (áður 87 og 88) í Rómarsáttmálanum að því er varðar minniháttar styrkveitingar*

- **Council Regulation (EC) No 659/1999 of 22 March 1999** laying down detailed rules for the application of Article 93 of the EC Treaty.

*Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu (þáverandi) 93. gr. (síðar 88. gr og nú 108. gr. með Lissabon samningnum) EB-sáttmálans.*

- **Commission Regulation (EC) No 794/2004 of 21 April 2004** implementing Council Regulation (EC) No 659/1999 laying down detailed rules for the application of Article 108 (before) 93 of the EC Treaty.

*Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. Apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. (áður 93. gr.) EB-sáttmálans.*

### Áhrif kafla

- Helstu lagabreytingar

Verði af aðild, þýðir það algerlega nýtt starfsumhverfi og lagaumgjörð fyrir landbúnað á Íslandi. Endurskoða þyrfti öll lög sem varða framkvæmd landbúnaðarkerfisins á Íslandi. Meðal annarra þyrfti að endurskoða lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 og búnaðarlaga nr. 70/1998. Endurskoðun kerfisins þyrfti einnig að taka mið af núverandi samningum stjórnvalda við Bændasamtök Íslands um búvöruframleiðslu. Setja þyrfti ákvæði í lög um innlenda framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og fela tilteknum stjórnvöldum þau hlutverk sem krafist er að innlend stjórnvöld inni af hendi í þágu stefnunnar.

- Kerfisbreytingar / stofnanir

Gera þarf grundvallarbreytingar á stjórnsýslu landbúnaðarmála ef Ísland gengur í ESB. Aðildarríki ESB bera ábyrgð á framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunar (CAP) innanlands. Sökum þess að kerfi ESB er flóknara en hið íslenska og ríkar kröfur eru gerðar um eftirlit með réttri framkvæmd kallar þetta á aukna stjórnsýslugetu og mannafla til framtíðar.

Skilgreina þarf bært stjórnvald (*competent authority*) sem ber ábyrgð á framkvæmd CAP innanlands, fyrir beingreiðslur og markaðsinngríp (1. stoð). Í flestum ríkjum er þetta

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

landbúnaðarráðuneytið. Þessi yfirvöld annast m.a. stefnumótun við framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar innanlands og á vettvangi ESB.

Undir yfirstjórn ofangreinds stjórnvalds skal starfrækja greiðslustofnun (*paying agency*). Stofnunin sér um hina eiginlegu framkvæmd CAP innanlands, framkvæmd stuðningskerfis, eftirlit, inngríp á markaði og inn- og útflutningseftirlit gagnvart þriðju ríkjum skv. reglum ESB. Um meginframkvæmdaaðila landbúnaðarstefnunnar yrði að ræða. Stofnunin skal viðhafa innra eftirlit.

Fela þarf vottunaraðila (*certifying body*) - fyrirtæki eða opinberri stofnun - að votta það að verkferlar og reikningar greiðslustofnunarinnar séu í samræmi við reglur. Hlutverkið mætti fela endurskoðunarfyrirtæki eða t.d. ríkisendurskoðun.

Margir aðilar koma að framkvæmd landbúnaðarstefnunnar á Íslandi í dag, svo sem Bændasamtök Íslands (BÍ), búnaðarsambönd, forðagæslumenn sveitarfélaga, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Matvælastofnun. Mörgum þeim verkefnum sem greiðslustofnun er ætlað að framkvæma er þegar sinnt af þessum aðilum á Íslandi og yrði því oft um tilfærslu verkefna að ræða. Þessir aðilar gætu jafnvel sinnt einhverjum þeirra áfram í umboði hennar eftir því sem reglur ESB leyfa.

Greiðslustofnun þarf að vera starfandi og tilbúin til að greiða út styrki og taka við framlögum úr sjóðum ESB og úr ríkissjóði á fyrsta degi aðildar. Eftirlitsmenn ESB votta hvort stofnunin uppfyllir sett skilyrði áður en hún tekur við framlögum úr sjóðum ESB.

- Fjárhagsleg áhrif

Stjórnsýsla landbúnaðarins verður stórum flóknari og kostnaðarsamari en í dag. Yfirfærslan sem slík mun einnig leiða til kostnaðar fyrir alla aðila. Ísland hlýtur að leita eftir því að fá að beita einfaldari og ódýrari aðferðum við framfylgd og eftirlit með því að reglur séu haldnar til að draga úr kostnaði, sem annars gæti numið óásættanlegu hlutfalli af CAP-stuðningsgreiðslum til landsins.

ESB mun fjármagna verulegan hluta stuðnings til landbúnaðarins. Sá stuðningur er fjármagnaður af aðildargjöldum aðildarríkjana, m.a. Íslands.

Semja þarf um þá fjárhæð sem veitt yrði til Íslands í CAP stuðningi (fyrri og seinni stoð) og ennfremur heimildir til viðbótarstuðnings úr ríkissjóði.

#### *EES og Schengen (ef við á)*

Sameiginlega landbúnaðarstefnan er almennt utan gildissviðs EES-samningsins. Engar gerðir hafa verið innleiddar á þessu sviði, en sambærileg ákvæði við almennar reglur ESB um ríkisstuðning eru í EES-samningnum. Þær eiga þó ekki við landbúnað á Íslandi á grundvelli gildissviðs samningsins.

#### *ESB stofnanir og sjóðir sem falla undir kaflann*

Ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar (EAGF).

#### *Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur*

- Mikilvægustu hagsmunir

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Gríðarlegir hagsmunir felast í því hvernig tekst að semja um stuðningsfyrirkomulag og fjárhæðir fyrir landbúnaðinn.

Grundvallarmunurinn á kerfi ESB og íslenska landbúnaðarkerfinu liggur í því, að ESB hefur að mestu aftengt stuðningsgreiðslur frá búvöruframleiðslu, en hér eru flestir landbúnaðarstyrkir framleiðslutengdir, beint eða óbeint. Innan ESB er stuðningur að mestu greiddur út á land – þar sem akuryrkja gegnir mikilvægu hlutverki, enda þótt gripagreiðslur tíðkist ennþá í sauðfjárbúskap og til framleiðenda nautgripakjöts. Á Íslandi er hins vegar kvikfjárrækt algengust og akuryrkja önnur en til fóðuröflunar veigaminni. Framkvæmd og eftirlit er þá gjörólíkt eins og fram hefur komið. Ísland þarf að leggja áherslu á að viðhalda framleiðslutengingu styrkja að stórum hluta.

Önnur atriði, sem skipta miklu máli og leggja verður áherslu á eru:

- Heildarfjárhæð sem ESB greiðir Íslandi í eingreiðslukerfi, búfjárstyrki (stoð I) og styrki skv. stoð II. Í þessu sambandi þarf að skoða sérstaklega viðmiðunartímabil, landskilgreiningar o.fl.
- Heimildir Íslands til viðbótarstyrkgreiðslna úr ríkissjóði.
- Ísland verði allt skilgreint sem harðbýlissvæði (less favoured area).
- Ísland er allt norðan 62. breiddargráðu.
- Áhersla verði lögð á náttúrulega sérstöðu, s.s. veðurfar, viðkvæman jarðveg, fábreyttan gróður, stuttan vaxtartíma og hversu ræktunarmöguleikar eru takmarkaðir, gamla norræna búfjástofna, sem ber að varðveita, afskekktu legu landsins og lítinn heimamarkað o.s.frv.
- Nauðsynlegt er að semja um aðlögunarfresti vegna framkvæmdar mismunandi þátta kerfisins, m.a. með hliðsjón af búvörusamningum.
- Skoða þarf fyrirkomulag gripagreiðslna.

Vegna gerðanna sem varða fjarlæg svæði og eyjar er þar um að ræða ívilnandi aðgerðir fyrir landbúnað á fjarlægum svæðum, einkum eyjum, rökstuddar á þeirri forsendu að vegna erfiðra aðstæðna sé landbúnaður þar ekki samkeppnishæfur. Ekkert þessara svæða er sjálfstætt ríki og eru þau hluti af ESB vegna aðildar Frakklands, Spánnar, Portúgal og Grikklands. Engu að síður má beita sambærilegum rökstuðningi og benda á dæmin úr viðkomandi gerðum til að auka skilning viðsemjenda á sérstöðu Íslands. Sérstaklega þarf að kanna möguleika þess hvort reglur um fjarlæg svæði (e. outermost regions) geti gilt um Ísland.

Reglur um ríkisstyrki, aðra en skv. CAP, þyrfti að meta í ljósi stuðningslögjafarinnar í heild sinni og hvort þær þrengja þar með stakk Íslands til styrkja umfram það sem þörf verður á.

- Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum og hugsanlegar sérlausnir fyrir Ísland

Eðlilegt er að horft sé til sérlausna og sérákvæða vegna annarra ríkja og svæða innan sambandsins við mótun samningsmarkmiða, eins og að framan greinir. Leitast þarf við að tryggja sem mesta kostnaðarþátttöku ESB, sem hæstum framlögum frá ESB í dreifbýlispróunarstöðinni og sem víðtækastar heimildir til að styðja íslenskan landbúnað til viðbótar úr ríkissjóði. Sem dæmi um fordæmi og sérlausnir sem horfa má til má nefna eftirfarandi:

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- Ákvæði í aðildarsamningi Finnlands og Svíþjóðar, einkum um stuðning við landbúnað á norðurslóðum.
  - Ívilnandi reglur fyrir frönsku svæðin, Guadeloupe, Guyana, Martinique og Réunion og einnig Kanaríeyjar, Asoraeyjar og Madeira. Mætti t.d. beita í málflutningi fyrir lægra mótframlagi ríkissjóðs og stuðla að hærri greiðslum úr sjóðum CAP. Sækja mætti hugmyndir um fordæmi fyrir sérlausnum í fyrirkomulag þessara svæða.
  - Ívilnandi reglur fyrir smáar grískar eyjar. Sækja mætti hugmyndir um fordæmi fyrir sérlausnum í fyrirkomulag þessara svæða.
  - Í öllum aðildarsamningum hafa ný ríki fengið ráðrúm í tíma til að aðlaga sig að meginþáttum landbúnaðarkerfisins. Til að mynda hafa Rúmenía og Búlgaría heimilt til að halda áfram ríkisstuðningsverkefnum í allt að þrjú ár eftir aðild.
- Annað

*Annað (fram tíðarþróun, dómafordæmi o.s.frv.)*

Sameiginlega landbúnaðarstefnan sætir endurskoðun reglulega. Núverandi framkvæmdarammi landbúnaðarstefnu ESB gildir til og með 2013. Ný löggjöf verður ákveðin fyrir þann tíma, sem mun taka til tímabilsins 2014 til 2020. Þegar árið 2009 hófst undirbúningur að heildarendurskoðun stefnunnar sem hefur staðið síðan. M.a. var seinnihluta júlímánaðar s.l. haldin fjölmenn ráðstefna stjórnvalda og hagsmunaaðila þar sem var fjallað ítarlega um nýja landbúnaðarstefnu eftir 2013 en rúmlega 6000 ábendingar og sjónarmið höfðu borist fyrir ráðstefnuna til að vinna úr. Framkvæmdastjórnin mun fyrir lok ársins gefa út skýrslu um framtíðarsýn hennar eftir 2013 sem verður grundvöllur frekari umræðu og lagasetningar. Meðal annars verður horft til þess hvernig sameiginlega landbúnaðarstefnan getur stutt áætlun ESB *Evrópa 2020*. Án þess að enn sé ljóst hver hin nýja stefna verður, eru taldar líkur á að meiri áhersla verði lögð á samfélagsleg gæði, sem landbúnaðurinn skilar við ákvörðun á styrkjum til hans, einkum hvað varðar vistkerfið. Framlög til stórbúskapar minnki hlutfallslega og að söguleg viðmiðun við ákvörðun á útdeilingu styrkja hverfi úr myndinni og litið til þess að jafna eingreiðslur út á land milli ríkja, sem einkum mun koma hinum svökölluðu nýju ríkjum til góða.

Í samþykktum og áætlunum ESB er stefnt að því að mjólkurkvótar verði aflagðir árið 2015. Ennfremur mun koma til álita að afnema þær gripagreiðslur sem nú eru til staðar. Þetta verður að hafa í huga í því ferli sem framundan er. Sjá nánar í greinargerð um markaðsmál.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.